

Frumvarp til laga

um

dánarskýrslur.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

1. gr.

Í þeim kirkjusóknum, er læknir býr í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í tje ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gjöra; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dauðadag, dauðaar og dauðamein.

Nú deyr maður í kirkjusókn, er læknir situr í, og ekki er auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir sjeð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja hjeraðslækni, eða annan löggiltan lækni, búsettan í sókninni, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr., auk ferðakostnaðar og dagpeninga, ef í sveit er, eftir þeim reglum, er gilda um störf hjeraðslækna. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík í kirkjusókn, þar sem enginn læknir býr, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardags og greftrunardags) færa í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir þeim upplýsingum, er hann getur bestar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í tje eyðublöð undir dánarskýrslur. Skal semja skýrslur fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishjeraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda hjeraðslækni sínum ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru.

Hjeraðslæknir rannsakar skýrslurnar, að því er dauðamein snertir, og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánar-

skýrslu fyrir alt hjeradið eftir fyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til hans ásamt öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslu prestanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um líkskoðun hefir þrisvar verið lagt fyrir alþingi af hendi stjórnarinnar árin 1891, 1893 og 1903, en í hvert sinn hefir málið annaðhvort verið felt eða ekki útrætt. Á síðastnefndu þingi kom í þess stað fram frumvarp til laga um dánarskýrslur, og var það samþykkt í Nd. en felt í Ed. Á síðasta þingi, 1907, var samskonar frumvarp horið upp af þingmanna hálfu og var það á ný samþykkt í Nd., en felt í Ed.

Með því að stjórnarráðið verður að vera þeirrar skoðunar, að frumvarp þetta sje mjög gagnlegt, og því æskilegt að það yrði að lögum. leggur það málið fyrir á ný alveg óbreytt að efni til.
